

# 3

Soy tu continente  
tu tierra y tu agua  
el barco de tu primer viaje  
la tormenta y el relámpago  
el obstáculo en tu camino  
y la flor que te retrasa  
un río de sangre que te arrastra  
y te contiene

soy el país que abandonarás  
el rincón que te llamará  
todos los días desde el hueco  
que te retiene y te exilia:  
la primera contradicción de tu vida

## # 3<sup>1</sup>

Ég er meginland þitt  
jörð þín og vatn  
fleyta þinnar fyrstu ferðar  
ofviðri og eldingar  
tálminn á vegi þínum  
og blómið sem tefur þig  
blóðflaumur sem ber þig með sér  
og í sér

ég er landið sem þú kveður  
afkiminn sem kallar á þig  
sérhvern dag úr iðrunum  
sem heldur þér og hafnar:  
fyrsta mótsögn lífs þíns

---

1 Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi. Úr ljóðabókinni *Tanta vida* (1998). Lindu Vilhjálmsdóttur ljóðskáldi er þökkun liðveisla við þýðinguna.

HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

## Um Esther Andradi

Esther Andradi (1957) er argentínskur rithöfundur og blaðamaður sem býr um þessar mundir í Berlín. Eftir hana liggur fjölbreytt safn ritsmíða – ljóð, ör-, smá- og skáldsögur, ritgerðir og fjöldi pistla. Pistlana skrifar hún reglulega og birtir í blöðum og tímaritum, m.a. í *La Jornada Semanal* og *Letras libres* í Mexíkó; *El País Cultural* í Montevideo, *Úrúgvæ*; *Aurora Boreal* í Danmörku og víðar. Andradi hefur ritstýrt nokkrum ritgerðasöfnum um samfélagsleg málefni, nú síðast safninu *Miradas sobre América. Crónicas de viaje, exilio y migración* (2010). Umfjöllun hennar og safnrit um þróun argentínsku örsögunnar *Lo pequeño es grandioso* kom út árið 2009 og skáldsaga hennar *Berlín es un cuento* árið 2007.